

Ed.

837. Nefndarálit

[262. mál]

um frv. til laga um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum og m. a. fengið til viðtals fulltrúa frá Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusambandi isl. fiskframleiðenda. Enn fremur hafa borist umsagnir frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna, Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, Verslunarráði Íslands og viðskiptaráðuneyti.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið, „að einstakir ráðherrar hefðu fyrirvara um endanlega afstöðu þeirra til vissra atriða í frumvarpinu“. Af þessu tilefni óskaði nefndin upplýsinga frá iðnaðarráðherra hverjir þessir fyrirvarar væru, þannig að ljóst lægi fyrir um stuðning flutningsaðila við tillöguna. Svar iðnaðarráðherra er birt í fylgiskjali.

Nefndarmenn eru ekki einnar skoðunar um það, hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu um Sölustofnun lagmetis, en um það fjallar I. kafli frumvarpsins, og telja sumir að eðlilegra sé að sölusamtök setji sér eigin samþykktir. Á hinn bóginn hafa aðilar málsins gert ráð fyrir lagasetningu og eru því nokkuð óviðbúnir. Af þessum sökum hefur það orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja til að ákvæði I. kafla gildi einungis til ársloka 1982 og gæfist aðilum þannig gott svigrúm til að ganga frá samþykktum fyrir félagsskap sinn, ef ný lagasetning kemur ekki til um þessi efni.

Að því er Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins varðar leggur nefndin áherslu á að hann fái sérstaka stjórn. Jafnframt telur nefndin eðlilegt að þeir aðilar, sem leggja sjóðnum til fé, eigi aðild að stjórn sjóðsins. Flytur nefndin breytingartillögur þar að lútandi.

Loks er flutt tillaga um að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda fái tekjur af útflutningi á grásleppuhrognum með svipuðum hætti og ýmis önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi.

Breytingartillögur nefndarinnar eru á þingskjali 838.

Alþingi, 8. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Stefán Jónsson.

Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Fylgiskjal.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Iðnaðarnefnd efri deildar

hr. Davíð Aðalsteinsson, formaður

ALÞINGI

5. maí 1981.

Við er til bréfs yðar frá í dag varðandi frumvarp til laga um Sölustofnun lagmetis. Við afgreiðslu málsins í ríkisstjórn kom fram fyrirvari frá viðskiptaráðherra á þá leið, að hann teldi ekki ástæðu til að setja sérstök lög um Sölustofnun lagmetis, en hins vegar æskilegt að lög yrðu sett um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Enn fremur væri hann mótfallinn því að lögfesta einokunarrétt til stofnunarinnar um sölu á lagmeti til Austur-Evrópulanda.

Aðrir fyrirvarar komu ekki fram um framlagningu frumvarpsins í nafni ríkisstjórnar.

Hjörleifur Guttormsson.